




**IMPROV
ISLAND**



12.-15. október

MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 2017

Undirbúningur Menningarhátíðar Seltjarnarness hefur staðið yfir í eitt ár og leggja um þrjú hundruð manns, ungir sem aldnir, sitt af mörkum til að gera hátíðina að veruleika og sem glæsilegasta. Menningarstarf er veigamikill þáttur í bæjarlífinu allt árið um kring, enda eflir það bæjarbrag og ímynd Seltjarnarness út á við. Tilgangur hátíðarinnar er að auki að brjóta upp hverdagsleikann, upplýsa, fræða, skemmta og virkja mannauðinn og ná til fólksins með samveru fjölskyldu og vina.

Menning og listir gleðja augað, auka víðsýni okkar, skilning og auka sköpunargleðina sem býr innra með okkur öllum. Mikilvægt er því að hvetja börn og ungmenni til þátttöku í menningarviðburðum í þeim tilgangi að auðga líf þeirra og færa þeim góðar minningar, þekkingu og reynslu.

Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á Menningarhátíð Seltjarnarness en hátíðin býður upp á fjölbreytta viðburði og upplifanir í fjögurra daga reisu í samfélaginu okkar. Lögð hefur verið áhersla á að draga fram þann mikla auð sem býr í fólkinu okkar. Við Seltirningar getum verið stoltir af hversu fjölskrúðugt mannlíf okkar er og hversu marga listamenn við eigum á hinum ýmsum sviðum sem hafa lagt okkur lið og skapað metnaðarfulla umgjörð sem uppfyllir væntingar listunnenda og er þeim þökkudæll sú vinna sem býr að baki.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017, Nína Dögg Filippusdóttir á veg og vanda af námskeiði nemenda Valhúsaskóla hjá Improv Iceland og verða þau með sýningu á afrakstrinum á hátíðinni. Nína Dögg á að baki farsælan feril í leiklistinni og hefur sýnt og sannað að hún er meðal okkar fremstu og hæfileikaríkustu leikara í dag. Nína Dögg hefur allt það til að bera sem prýtt getur bæjarlistamann, ótvíræða hæfileika auk listræns metnaðar og sannfæringar.

Gleðjumst saman, njótum og tökum þátt í Menningarhátíð Seltjarnarness.

Sjöfn Þórðardóttir, formaður Menningarnefndar Seltjarnarness.



FIMMTUDAGUR

Kl. 17

Setning Menningarhátíðar

Gallerí Gróttu
og Bókasafn Seltjarnarness

Opnun

Formaður menningarnefndar, **Sjöfn Þórðardóttir**, setur Menningarhátíð Seltjarnarness 2017. Veitingar í boði. Allir velkomnir.

Kl. 17

Sporbaugur

Gallerí Gróttu

Sýningaropnun



Sporbaugur - sýning á listaverkum **Þorvaldar Skúlasonar** úr einkasafni afkomenda Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur í Gallerí Gróttu á Eiðistorgi.

Á sýningunni gefur að líta verk eftir listamanninn frá 6. til 8. áratugar síðustu aldar og er leitast við að varpa ljósi á hreyfinguna frá stíðum formum geometríunnar til sveigðra forma 8. áratugarins í anda djarfrar framtíðarsýnar geimvísinda.

Sýningin mun standa yfir frá 12. október til 11. nóvember.



FIMMTUDAGUR - DAGSKRÁ MENNINGARHÁTÍÐAR

Kl. 9

Kynning á starfi eldri borgara

Skólabraut 3-5



Margvíslegir viðburðir eldri borgara verða opnir almenningi og eru allir hvattir til að líta við, kynna sér starfið og taka þátt.

Kl. 9-12 **Bókband**

Leiðbeinandi er Stefán Eiríksson.

Kl. 10.30 **Jóga**

Leiðbeinandi er Alda Magnúsdóttir.

Kl. 13.30 **Bingó**

Spjaldið kostar 200 kr.



FIMMTUDAGUR

Kl. 10

Kynning fyrir 9. bekk Valhúsaskóla

Innovation House,
Eiðistorgi

Kynning



INNOVATION HOUSE

Innovation House býður krökkum úr 9. bekk Valhúsaskóla í heimsókn, kynnir fyrir þeim starfseminum og býður upp á laktósafrían **Örnu ís**. Nokkrir frumkvöðlar munu svo segja frá sínu starfi.

Kl. 17

Sýningaropnanir

Bókasafn Seltjarnarness og Gallerí Gróttu

Listamenn leikskólans sýna verk sín um skordýrin og náttúruna í barnadeildinni.

Sýning um ævi og feril **Jóhönnu Kristjónsdóttur** (1940 – 2017) verður í bókasafninu á Menningarhátíð en sérstök heiðursdagskrá verður um Jóhönnu í Félagsheimili Seltjarnarness sunnudaginn 15. okt. kl. 15.

Sporbaugur - sýning á listaverkum **Porvaldar Skúlasonar** úr einkasafni afkomenda Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur í Gallerí Gróttu á Eiðistorgi.





FIMMTUDAGUR

ATH.
AFLÝST!

Ljósörpunarlistaverk
á þak

Seltjarnarneskirkja
/Plútóbrekka

Sýningaropnun



Hin heimspekka bandaríska listakona **Heather Shaw** hefur hannað stórkostlegt ljósörpunarlistaverk sem hún mun varpa á þak kirkjunnar á Menningarhátíð. Verkið bjó hún sérstaklega til fyrir hátíðina og er því ætlað að fagna Íslandi og íslenska fálkanum. Heather kemur á hátíðina með sérstakri aðstoð þeirra **Oliver Luckett** og **Scott Guinn** sem búsettir eru á Seltjarnarnesi.

Þessum viðburði var aflýst af óviðráðanlegum orsökum.

Kl. 20

Opnun á endurbættu
umhverfi stjörnusjónaukans

Valhúsaskóli




Við vígjum nýuppgerða aðstöðu stjörnusjónaukans í Valhúsaskóla. Gestum verður boðið upp á veitingar og tónlistarflutning í bókasafni skólans, bæjarstjóri Seltjarnarness **Ásgerður Halldórsdóttir** býður gesti velkomna og **Pórir Jónsson** ritari **Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness** og **Sævar Helgi Bragason** ritstjóri Stjörnufræðivefsins segja nokkur orð. Ef veður leyfir gefst gestum tækifæri til að skoða stjörnurnar í fyrsta flokks rafdrifnum og tölvustýrðum sjónauka sem er með stærstu stjörnusjónaukum á landinu.

Allir velkomnir og ókeypis er á atburðinn.

Kl. 20.30 **Bíósýning**

Félagsheimili Seltjarnarness



Kvikmyndin **Sveitabrúðkaup** verður sýnd í Félagsheimilinu en eftir myndina munu **Nína Dögg Filippusdóttir** leikkona Vesturports og bæjarlistamaður Seltjarnarness, **Gísli Örn Garðarsson** leikari Vesturports og **Davíð Ólafsson** framleiðandi sitja fyrir svörum. Svo er aldrei að vita nema aðrir góðir gestir kiki við.

Boðið verður upp á frítt popp á meðan sýningu stendur en viðburðurinn er öllum opin og ókeypis.



FÖSTUDAGUR

Kl. 10

**Kynning fyrir 10. bekk
Valhúsaskóla**

Innovation House,
Eiðistorgi

Kynning



INNOVATION HOUSE

Innovation House býður krökkum úr 10. bekk Valhúsaskóla í heimsókn, kynnrir fyrir þeim starfseminu og býður upp á laktósafrían **Örnu ís**. Nokkrir frumkvöðlar munu svo segja frá sínu starfi.

Kl. 10.30

**Kynning á starfi
eldri borgara**

Skólabraut 3-5 og Eiðismýri 30

Kynning



Margvíslegir viðburðir eldri borgara verða opnir almenningi og eru allir hvattir til að líta við, kynna sér starfið og taka þátt.

Skólabraut 3-5

Kl. 10.30 **Jóga**

Kl. 13 **Söngur**

Leiðbeinandi er Alda Magnúsdóttir.

Stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson.

Eiðismýri 30

Kl. 13.30 **Bridge**

Kl. 15

Söngur leikskólabarna

Eiðistorg

Tónleikar



Stór hópur barna úr **Leikskóla Seltjarnarness** munu syngja fjögur lög fyrir gesti og gangandi á Eiðistorgi.

Í framhaldi af söngnum hvetjum við gesti til þess að skoða sýningu leikskólabarna á barnadeild bókasafnsins á annarri hæð Eiðistorgs.



FÖSTUDAGUR

Kl. 15

Bókabýtti Taktu bók - gefðu bók

Eiðistorg



Í framhaldi af söng leikskólabarnanna geta gestir heimsótt nýtt „útibókasafn“ á Eiðistorgi sem verður afhjúpað við það tækifæri. Útibókasafnið er frísafn af erlendri fyrirmynd þar sem fólk getur skipt út bókum úr sinni eigu fyrir aðrar. Þetta er tilraunaverkefni Bókasafns Seltjarnarness og ef vel gengur mun það halda áfram í allan vetur.



LAUGARDAGUR

Kl. 10.30 Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa

Eiðistorg



Seltjarnarnesbær, Menningarnefnd, Björnsbakarí, Hagkaup og Veislan bjóða öllum bæjarbúum í girnilegt morgunverðarhlaðborð. Systur úr Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness framreiða morgunverðinn, hljómsveitin Karma Brigade mun gleðja gesti með ljúfri tónlist, Gróttustelpur sjá um andlitsmálningu og Blaðrarar gefa börnum blöðrudýr.

Ókeypis er á viðburðinn.





LAUGARDAGUR

Kl. 11.30 **Pitt eigið ævintýri með Ævari**

Bókasafn Seltjarnarness



Ævar Þór Benediktsson vísindamaður og rithöfundur kemur í heimsókn og fagnar með okkur nýlegum breytingum í **barna-deildinni**. Ævar les upp úr nýjustu bók sinni **Pitt eigið ævintýri**, spjallar við börnin og gefur þeim plaköt og bókamerki.

Allir velkomnir og ókeypis inn.



Kl. 12.20 **DJ flugvél og geimskip**

Bókasafn Seltjarnarness

Tónlistartriði



DJ flugvél og geimskip spilar, syngur og segir sögur og veiðir áhorfendur inni töfraheim um furður alheimsins og óravíddir geimsins, drauga, drauma og leyndardóma hafdjúpanna.

Allir velkomnir og ókeypis inn.

Kl. 13 **Tækni og tónlist með Kóder**

Bókasafn Seltjarnarness



Kóder býður upp á sýnikennslu á nýjar Pi-Top Ceed vélar bókasafnsins og leiðir gesti og gangandi í gegnum stutt forritunarverkefni. Meðal annars verður í boði leikjaforritun með Scratch, tónlistarforritun með Sonic Pi og forritun í Python með Minecraft.

Kóder er hugsjónasamtök sem stefna að því að gera forritun aðgengilega fyrir öll börn og unglinga.

Á laugardögum í vetur mun leiðbeinandi frá Kóder kenna á ýmis forritunarkennslutól fyrir iPad í unglingadeild Bókasafn Seltjarnarness. Meðal annars verður tekið fyrir leikjaforritun, kubbaforritun og textaforritun.

Allir eru velkomnir á námskeiðin og verða þau ókeypis.



LAUGARDAGUR

Kl. 16 **Fuglakabarett eftir Daníel Þorsteinsson og Hjörleif Hjartarson**

Lækningaminjasafnið Tónleikar



Söngfjlagið, undir stjórn **Hilmars Arnar Agnarssonar**, flytur **Fuglakabarett** eftir **Daníel Þorsteinsson** og **Hjörleif Hjartarson**. Hljómsveitin er skipuð **Kjartani Valdimarssyni** (píanó), **Guðmundi Péturssyni** (gítar), **Gunnari Hrafssyni** (bassi) og **Einari Scheving** (slagverksleikara).

Fuglakabarett Daníels Þorsteinssonar og Hjörleifs Hjartarsonar var upphaflega saminn fyrir barnakór Akureyrarkirkju og frumfluttur af kórnum og hljómsveit á vordögum 2013. Daníel hefur nú endurútsett söngvana fyrir Söngfjlagið, auk þess sem fleiri lög og ljóð hafa bæst við verkið.

Söngfjlagið er blandaður kór sem Hilmar Örn Agnarsson stofnaði árið 2011 og hefur kórinn tekist á við fjölbreytt verkefni í gegnum tíðina. Kórinn er þekktur fyrir að vinna tónlist af ýmsum toga.

Húsið opnar kl 15. Ókeypis er á viðburðinn.

Kl. 21 **Lay Low og Pétur Ben**
Í fyrsta skipti saman á sviði

Félagsheimili Seltjarnarness Tónleikar

Miðar á tix.is



Lay Low og **Pétur Ben** koma saman og flytja okkur tónlist sína í þægilegu andrúmslofti og í nánum tengslum við áheyrendur. Dagskrá kvöldsins sniðu þau sérstaklega fyrir hátíðina en í henni tvinna þau saman tónlist sína svo úr verður einstök upplifun.

Húsið opnar kl 20 og seldir verða drykkir á barnum.

Miðinn kostar 2.500 kr. og eru miðar seldir á Tix.is og við innganginn.



SUNNUDAGUR

Kl. 10.30 Listganga um Nesið

Íþróttamiðstöðin



Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, leiðir hóp í skemmtilega og upplýsandi göngu um útilistaverk Seltjarnarness og fræðir viðstadda um verkin.

Allir velkomnir.

Kl. 15

Heiðursdagskrá um Jóhönnu Kristjónsdóttur
rithöfund (1940-2017)

Félagsheimili
Seltjarnarness



Höfundaverk Jóhönnu eru óvenju fjölbreytt enda fór hún sjaldnast troðnar slóðir í lífi og starfi. Í dagskránni verður dregin upp mynd af margbrotinni konu sem með eldmóði sínum og samhug hafði djúp áhrif á þá sem henni kynntust.

Fram koma: **Ásgerður Halldórsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Embla Garpsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Hrafn Jökulsson, Jökull Elísabetarson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigprúður Guðmundsdóttir og Styrmir Gunnarsson.**

Kynnir: **Vera Illugadóttir.**

Tónlist: **Daníel Helgason** gítarleikari og **Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir** fiðluleikari munu leika arabíska og líbanska tónlist í dúettformi.





SUNNUDAGUR



Í hléi verða seldir munir fyrir Fatímu sjóðinn sem Jóhanna stofnaði til að styðja jemenskar konur og börn til sjálfshjálpar. Einnig verður vöfflu- og kaffisala.

Kl. 18

Improv og söngur

Félagsheimili Seltjarnarness

ATH.
breyttan
tíma

Siguratriði Söngkeppni Selsins - Söngkeppni Selsins fer fram núna í október og mun sigurvegjarinn úr þeirri keppni flytja vinningslag sitt fyrir viðstadda.

Improv Való - 18 hressir krakkar hafa verið í fjögurra vikna námskeiði undir stjórn Mána og Pálma, leikara úr Improv Ísland. Krakkarnir verða með algerlega ferska spunasýningu á Menningarhátíð svo nú er um að gera að setja sig í hláturgírinn!

Improv Ísland - Í tilefni hátíðarinnar fáum við þennan frábæra leikhóp beint af fjöllum Þjóðleikhúskjallarans hingað á Seltjarnarnesið. Þau setja upp sína sýningu á eftir krökkunum úr Való og, eins og allir vita sem hafa einhvern tíma séð þau koma fram, hefur engin sýning þeirra verið sýnd áður og engin sýning verður nokkurn tíma endurtekin. Þetta er því *einstakt* tækifæri til þess að sjá þennan *einstaka* leikhóp koma fram í *einstöku* umhverfi og með *einstaka* sýningu!

Nína Dögg Filippusdóttir bæjarlistamaður Seltjarnarness ánafnaði verðlaunafénu sínu í Improv námskeiðið sem stóð öllum nemendum Valhúsaskóla til boða og stendur hún einnig fyrir sýningu Improv Íslands í kvöld.

Þítur frá Rauða ljóninu og gos verða í boði í hléi á meðan birgðir endast. Ókeypis er á viðburðinn.

IMPROV
ÍSLAND



SELTJARNARNESBÆR

Nánari upplýsingar um Menningarhátíð Seltjarnarness
má finna á www.seltjarnarnes.is

Opnunartímar



Bókasafn Seltjarnarness

Fimmtudagur 12.10: kl. 10-19

Föstudagur 13.10: kl. 10-17

Laugardagur 14.10: kl. 10-17



Gallerí Gróttta

Fimmtudagur 12.10: kl. 10-19

Föstudagur 13.10: kl. 10-19

Laugardagur 14.10: kl. 10-17

Sunnudagur 15.10: kl. 12-17

Bestu þakkir

